

Tillaga um borgarhönnunarstefnu

Lagt er til að unnin verði borgarhönnunarstefna sem fjalli með einföldum og skýrum hætti um gæði borgarrýmis og byggðar í takt við samstarfssáttmála meirihluta Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar. Leiðarljós stefnunnar verði græn lífsgæðaborg í samræmi við aðalskipulag Reykjavíkur og aukið gagnsæi í kringum þá þróun. Settur verði á fót starfshópur sem vinni drög að stefnunni í samráði við umhverfis- og skipulagsráð. Litið verði til grænna lífsgæðaáherslna í arkitekta- og borgarhönnunarstefnum í borgum nágrennalandanna og sett fram skýr rammi um hönnun almenningsrýmis í þágu virkra ferðamáta og græns yfirbragðs. Við hönnun bygginga skal meðal annars lögð áhersla á birtuskilyrði, gæði dvalarrýma, og fjölbreytni. Vinnan verði í takti við fyrirliggjandi stefnur borgarinnar. Unnar verði viðeigandi greiningar og úrbætur á verkferlum eftir þörfum, þar á meðal gátlistar fyrir hönnuði. Lögð verði áhersla á samráð og samtal við hagaðila.

Greinargerð:

Gæði almenningsrýmis

Borgarhönnunarstefna taki á efnislegum gæðum borgarrýmisins, efnisvali, rýmismyndun, gróðri og gæðum dvalarsvæða og leiksvæða. Algild hönnun skal tryggð. Skapa skal skýran ramma um forgangsröðun við úthlutun borgarrýmis út frá forsendum virkra ferðamáta, gróðurs og aukinna lífsgæða íbúa með viðmiðum um umhverfisgæði svo sem hámarks- og lágmarksbreiddir gatna og gangstétta þar sem forðast skal að láta hjólastíga ganga í hlykkjum. Forgangsröðun vegna mismunandi leiða til að koma bílastæðum fyrir skal fest í sessi. Einnig séu sett fram viðmið um gróðurþekju á uppbyggingarsvæðum og hvernig gróðri verði tryggð góð lífsskilyrði, til dæmis hvað varðar jarðvegsþykkt á bílakjöllurum. Þá skal kveðið á um hvaða samgöngumannvirki skuli fyrst festa í sessi við hönnun nýrra hverfa, svo sem vistgötur, göngugötur og götur með rólegri yfirborðsumferð ásamt verkferlum um framfylgd hjá skipulagsfulltrúa, byggingarfulltrúa og öðrum deildum.

Gæði byggðar

Borgarhönnunarstefna kveði ennfremur á um kröfur til gæða og fjölbreytni byggðar með áherslu á gæði íbúða, svo sem um næg birtuskilyrði, skuggavarpsgreiningar, loftgæði, heilnæmt umhverfi, takmörkun á hjóðmengun, hvernig byggingar tengjast borgarrýminu og kennileitagreiningar hárra bygginga og verkferla um þverfaglega aðkomu á fyrstu stigum uppbyggingar.

Úrbætur á verkferlum

Tilgangurinn er að bæta verkferla á bæði skipulags- og framkvæmdastigi. Samhliða stefnunni verði því unnir formlegir gátlistar fyrir hönnuði og aðra sem koma að mótun borgarrýmis. Hluti af vinnunni verði frekari úrbætur á verkferlum í þágu gangandi og hjólandi.